

Ár 2002, fimmtudaginn 10. október, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar á skrifstofu formanns nefndarinnar að Hallveigarstíg 1, Reykjavík.

Fyrir var tekið:

Mál nr. 1/2002.

Faktor einkaleyfaskrifstofa ehf.
fh. Mónu ehf.
gegn
Cloetta AB, Svíþjóð
vegna
vörumerkjaskráningar nr.
190/2000 CLOETTA POPS.

Kveðinn var upp svofelldur

ú r s k u r ð u r:

Með hliðsjón af því að vörumerki það sem áfrýjunin byggir á hefur, eftir að áfrýjun barst, verið afmáð úr vörumerkjaskrá að beiðni varnaraðila telur áfrýjunarnefndin að vísa beri málinu frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli nr. 1/2002 er vísað frá nefndinni.

Úrskurð þennan kváðu upp Rán Tryggvadóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Hafðís Ólafsdóttir, lögfræðingur og Steingrímur Gautur Kristjánsson, hrl.

Málavextir:

Þann 20. desember 1999 lagði varnaraðili inn umsókn hjá Einkaleyfastofunni um skráningu vörumerkisins CLOETTA POPS (orðmerki), sbr. umsókn nr. 3840/1999. Óskað var skráningar fyrir sælgæti og súkkulaði í flokki 30. Merkið var skráð og birt í ELS-tíðindum þann 21. febrúar 2000, sbr. skráning nr. 190/2000.

Með bréfi, dags. 7. mars 2000, andmælti áfrýjandi skráningu merkisins. Andmælin byggðust á ruglingshættu við vörumerki áfrýjanda POPS (orðmerki), sbr. skráningu nr. 328/1970, sem skráð er fyrir vörur í flokki 30, m.a. fyrir súkkulaði. Andmælin voru send varnaraðila þann 13. mars 2000 og honum veittur frestur til 13. júlí s.á. til að skila inn athugasemdum. Engar athugasemdir eða frekari gögn bárust frá varnaraðila og var málið því tekið til úrskurðar hjá Einkaleyfastofunni á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Niðurstaða Einkaleyfastofunnar var að skráning orðmerkisins CLOETTA POPS skyldi halda gildi sínu með eftirfarandi rökstuðningi:

*Vörumerki umsækjanda samanstendur af orðunum CLOETTA POPS
en vörumerki andmælanda inniheldur einungis orðið POPS. Orðið*

CLOETTA verður að teljast mest áberandi hluti merkis umsækjanda þar sem það er fyrri hluti merkisins og er bæði langt og sérstakt en það orð kemur ekki fyrir í merki andmælanda. Þegar heildarmynd framangreindra merkja er skoðuð er það mat Einkaleyfastofunnar að hvorki sjónlíking né hljóðlíking sé með þeim hætti að ruglingi geti valdið. Það er því mat stofnunarinnar að ekki sé ruglingshætta með umræddum vörumerkjum í skilningi 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997.

Ákvörðun Einkaleyfastofunnar var áfrýjað til áfrýjunarnefndar með bréfi dags. 9. janúar 2002. Áfrýjandi krafðist þess að ákvörðun Einkaleyfastofunnar yrði hrundið og með vísan til 22. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 að vörumerkjaskráning nr. 190/2000, CLOETTA POPS, yrði ógilt.

Áður en greinargerð áfrýjanda vegna áfrýjunarinnar barst nefndinni kom tilkynning frá Einkaleyfastofunni, dags. 22. mars 2002, um að varnaraðili hefði óskað eftir því að skráning hans á vörumerkinu CLOETTA POPS yrði felld úr gildi. Í samræmi við þá beiðni var vörumerkið afmáð úr vörumerkjaskrá 18. mars 2002. Í ljósi þessa var málið tekið til meðferðar hjá áfrýjunarnefndinni.

Rán Tryggvadóttir

Hafðís Ólafsdóttir

Steingrímur Gautur Kristjánsson

Rétt endurrit staðfestir: